að gera hið ósýnilega sýnilegt

Ímynd Guðs og frumkvöðlar Aðventista — 1 af 4

LYKILTEXTI— KÓLOSSUBRÉFIÐ 1.15

INNGANGUR

Biblían hefst á þeirri yfirlýsingu að "Guð skapaði manninn eftir sinni mynd, hann skapaði hann eftir Guðs mynd, hann skapaði þau karl og konu." (1. Mós 1.27) Þessi ímynd skilgreinir hvað það þýðir fyrir þig að vera manneskja.

En hver er mynd Guðs? Þetta er mikilvægt að skilja þar sem syndin er komin í heiminn og hefur spillt öllu — þar með talið mynd Guðs í okkur. Ef verkefni okkar sem kristins samfélags er að endurgera mynd Guðs, þá verðum við að vita hvernig mynd Guðs á að vera, annars vitum við ekki hvað við erum að endurgera.

Að vita það ekki, er eins og að fá stóran kassa í IKEA án þess að hafa neinar myndir eða leiðbeiningar. Hvað erum við að smíða? Til hvers eru þessir hlutir? Hvernig passa þessir ólíku hlutir saman? Fimm einstaklingar gætu hæglega smíðað 5 ólík húsgögn. En við erum hönnuð og er ætlað að vera endurgerð samkvæmt einni hönnun — Guðs eigin mynd. Okkur langar ekki að gera þetta vitlaust.

En við mætum áskorun. Maður nokkur snéri út úr frægri yfirlýsingu Churchills, þegar hann reyndi að útskýra ímynd Guðs: Aldrei í sögu guðfræðinnar, hefur svo mikið verið skrifað, af svo mörgum, um svo lítið. Þetta var sagt þar sem orðin "mynd Guðs" koma aðeins fyrir í 6 versum í Biblíunni, og "líkur Guði" í öðrum 4 versum.

KÓLOSSUBRÉFIÐ 1.15

að gera hið ósýnilega sýnilegt

Á meðan 1. Mósebók segir að allir menn séu skapaðir í Guðs mynd, staðfestir Kólossubréfið að Jesús sé ímynd Guðs:

> [Sonurinn] er ímynd hins ósýnilega Guðs... (Kól 1.15)

Lykilhugsun þessara orða er að Jesús, sem ímynd Guðs, geri hið ósýnilega sýnilegt. Bæði gamla og nýja testamentið fullyrða að enginn hafi séð Guð. Svo einn tilgangur komu Jesú til jarðarinnar er að gera sýnilegt það sem alltaf hefur verið hulið.

"mynd" á grísku

Á forngrísku þá hefur orðið sem þýtt er mynd (εἰκών / icon) tvenns konar merkingu: 1) merking eða táknmyndir, 2) birtingarmynd. Seinni merkingin er sú ráðandi. Jesús kom ekki bara til að vera táknmynd um nærveru Guðs á jörðu, heldur kom sem birting Guðs—til að sýna okkur hvernig Guð er raunverulega. Hebreabréfið leggur áherslu á þessa hugmynd, "Hann, sem er ljómi dýrðar hans og ímynd veru hans..." (Heb 1.3) og Jóhannes útskýrir "Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. Sonurinn eini, Guð, sem er í faðmi föðurins, hann hefur birt hann." (Jóh 1.18)

Hvað er það svo sem Jesús hefur komið til að kunngera—birta—varðandi föðurinn? Til að svara þessu, ætla ég að skýra það með innsæi og vitnisburði frumkvöðla aðventista.

FERÐ FRUMKVÖÐLANA

Guð hefur líkama

Þegar hinir fyrstu aðventistar komu á sjónarsviðið snemma á 19. öldinni, var það skoðun kristinna manna að Guð væri aðeins andi, þar sem fólk hélt því fram að "maðurinn gæti ekki verið í mynd Guðs hvað varðaði líkamslögun, þar sem Guð væri án lögunar, líkama eða hluta".

Hugmyndin um ódauðleika sálarinnar er sprottin úr hugmyndinni um Guð sem ódauðlegan anda. Aðventistar gerðu sér grein fyrir því að ef fólk trúir því að Guð sé ódauðlegur andi, þá hljótum við líka að hafa ódauðlegan anda. En sú hugmynd var í mótsögn við vísbendingar ritningarinnar, og var þess í stað sprottið úr grískri heimspeki. Svo aðventistar einsettu sér að "sanna: í fyrsta lagi að Guð hefur lögun, og í öðru lagi að þetta væri hin guðlega skilgreining á mynd" (Adventist Review and Sabbath Herald, 29 ágúst 1854). Þar af leiddi að hinir fyrstu aðventistar höfnuðu þeirri hugmynd að mynd Guðs væri lyndiseinkunn hans. Jafnvel James White komst að þeirri niðurstöðu að "sú ályktun að mynd Guðs væri siðferðisleg mynd hans er röng." (Adventist Review and Sabbath Herald, 18. júní 1861). Þetta kom mörgum kristnum í uppnám.

aðdáun á lyndiseinkun Guð

Það er ekki fyrr en í kringum 1880 sem skilgreiningin á mynd breyttist úr því að varða eingöngu líkama Guðs yfir í hina siðferðislegu lyndiseinkunn Guðs. Eins og stendur í Prédikaranum 7.29 að "Guð hefir skapað manninn beinan" , EJ Waggoner hélt því fram árið 1886 að það að vera skapaður "beinn" þýddi að vera gerður í lyndiseinkunn Guðs. Síðar árið 1895 skrifaði AT Jones:

> Í upphafi var maðurinn gerður "í Guðs mynd" og það gefur til kynna talsvert meira en lögun Guðs. Ef maður virti hann fyrir sér, neyddist maður til að hugsa um Guð. Hann endurspeglaði mynd Guðs; hverjum þeim sem leit á manninn var bent til Guðs.

JH Kellogg náði yfir enn meira, þegar hann ritaði 2 árum síðar að mynd Guðs í Adam var fullnusta þess sem var aðgengilegt í Jesú:

> Þetta orðalag, "ímynd Guðs" merkir að Guð setti í þann leirklump, sem maðurinn var gerður úr, allt af Guði sem

> mögulegt var að birta í mannlegu formi." með þeim rökum að "í Kristi við höfum sams konar mynd Guðs, sem við höfðum í hinum fyrsta Adam." (GC Daily Bulletin Feb 18. 1897, 77).

Til að leggja áherslu á ímynd Guðs sem lyndiseinkunn hans, tóku nokkrir rithöfundar að sýna fram á þetta með 2 Korintubréfi 4.4-6.

Með tíð og tíma meðtóku aðventistar að fullu mynd Guðs sem lyndiseinkun hans. J. A. Brunson skrifaði að það að bera ímynd Guðs er, með orðum Páls, að taka á sig:

> hjartans meðaumkun, góðvild, auðmýkt, hógværð og langlyndi. Umberið hver annan og fyrirgefið hver öðrum, ef einhver hefur sök á hendur öðrum. Eins og Drottinn hefur fyrirgefið yður, svo skuluð þér og gjöra. En íklæðist yfir allt þetta elskunni, sem er band algjörleikans." og verða endurnýjaðir með eiginleikum Jesú, "meðaumkun, góðvild, auðmýkt, hógværð, langlyndi, umburðarlyndi, kærleika," af því leiðir að sérhver einstaklingur sem er í Guðs mynd, er sá sem hefur þessa eiginleika í hjarta sér, sem við höfum lýst. Fyrst Guð hefur því skapað manninn í sinni mynd og sett hann hér á jörðu, þá hefur þessi vera, sem er ímynd Guðs, einnig eiginleika Guðs.

Corliss heldur áfram með því að útskýra Kolossubréfið 1.15

> Ég vildi að hægt væri að skilja orðið "ímynd" bókstaflegar en enskan gefur til kynna. Þegar við finnum merkinguna í tungumálinu sem liggur að baki enskunni þá finnum við að hún er þessi: "þeim sem er þrýst fram" það er að segja, þrýst fram sem eiginleikum sem þrýst er í vax. Að vera ímynd Krists er að vera þrýst fram og eiginleikar hans verða okkar eiginleikar, eins og þeim sé þrýst í vax. Þannig er okkur ætlað að vera.

útsýnið frá bekkjunum

Um miðja 19. öldina, á meðan guðfræðingar aðventista höfðu ekki enn meðtekið ímynd Guðs sem lyndiseinkunn hans, höfðu margir meðlimir kirkjunnar sannarlega gert það, og það endurspeglaðist í þeim bréfum sem þeir skrifuðu Adventist Review. Hér eru nokkur sýnishorn úr bréfum þeirra:

1. Kæru bræður og systur. Keppumst að því að deyja daglega syndinni, og gefast ekki heiminum, en umbreytumst til ímyndar Guðs, því honum þykir vænt um að fólk hans beri svip hans.
2. Ég vil endurspegla yndislega mynd Guðs betur og vera hógvær og af hjarta lítillátur.
3. Því nær sem ég lifi Guði, því meir nýt ég, og því meir vil ég mótast til ímyndar Guðs. Ó ég vildi að ég næði þeim stað þar sem ég er í Guði og orð hans í mér.
4. Ég þrái að líkjast mynd Guðs í öllum hlutum. Ég þrái heilagleika og hreint hjarta, að ég megi ganga verðugur þeirri köllun sem vér höfum verið kölluð til.
5. Þó ég geti ekki alltaf endurspeglað ímynd Guðs öllum stundum er hjarta mitt þráir það, þá er það staðfesta mín að halda út allt til enda.
6. Ég held að það sé tími til kominn að leifar fólks Guðs láti af hinum léttvægu deilum og áhyggjum heimsins, og fari að endurspegla hina yndislegu mynd Guðs. Ó fyrir heilagleika hjartans og staðfast traust á Guði sérhverja stund. Ég vil ganga í lítillæti fyrir Guði, og daglega sækjast eftir sigri yfir sérhverri synd.
7. Guð gefi að við höfum þannig gætur á vegum okkar að við mættum, með sérhverju orði og athöfn, endurspegla hina ljúfu mynd Guðs og verða meðal hinna heilögu að lokum.

AÐ ENDINGU

Páll skrifaði að Sonurinn er "ímynd hins ósýnilega Guðs..." og þess vegna kom Jesús til jarðarinnar til að gera hinn ósýnilega Guð sýnilegan. En nú er Jesús á himnum og er "ósýnilegur". Svo hvernig á Guð að verða kunnur — gerður sýnilegur á jörðunni í dag? Páll svarar þessu í 2 Korintubréfi 3.18 —

> En allir vér, sem með óhjúpuðu andliti endurspeglum dýrð Drottins, ummyndumst til hinnar sömu myndar, frá dýrð til dýrðar...

Svo þegar þú gengur til samfélags við Guð og fyrir Heilagan anda hans virðir fyrir þér dýrð hans í Biblíunni og í náttúrunni, þá hefur þú möguleika á því að líkja eftir lífi Jesú, með því að birta ímynd Guðs og þannig gera hinn ósýnilega Guð sýnilegan heiminum.

1	2	3	4
SAMANTEKT	SAMANTEKT	SAMANTEKT	SAMANTEKT
Jesús kom til að gera hinn ósýnilega Guð, sýnilegan	Þú gerir Guð kunnan með því að enduspegla hann	Að gera Guð kunnan er að enduspegla lyndiseinkunn hans	Samskipti við Guð gera hinn ósýnilega Guð, sýnilegan